

Alþingi

Erindi nr. Þ 121/1209

komiðagur 21/3 1997

DÓMARAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 19. mars 1997

Allsherjarnefnd Alþingis sendi félaginu til umsagnar frumvarp til laga um lögmennt með bréfi 19. febrúar 1997. Stjórn félagsins fól undirrituðum stjórnarmönnum að veita umsögn um frumvarpið og fylgir hún hér á eftir:

Í athugasemdum með frumvarpinu er helstu nýmæli þess talin í sjö liðum. Verður hér tekin afstaða til þeirra.

1. Gert er ráð fyrir breytingum á reglum um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður og um málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti. eru þær mjög til bóta.

2. Gert er ráð fyrir að einkaréttur lögmannna til að flytja mál fyrir dómi nái til landsins alls, og er það til bóta. Einnig er lagt til að felld verði brott heimild málsaðila til að fela tilteknum skyldmönnum, tengdamönnum og öðrum nákomnum að reka mál sitt fyrir dómi, svo og heimild um að embættisgengir lögfræðingar í þjónustu félaga og stofnana flytji mál fyrir héraðsdómi. eru þessi nýmæli til bóta.

3. Lagt er til að skylduaðild að Lögmannafélagi Íslands verði lögð niður. Þessi tillaga, sem mun reist á túlkun á niðurstöðu dóms Mannréttindadómstóls Evrópu um skylduaðild að félagi, hefur valdið miklum deilum meðal lögmannna. Þar sem þetta efni snertir ekki beinlínis samskipti dómara og lögmannna telur stjórn félagsins ekki ástæðu til að taka afstöðu í þessari deilu, en lætur þess getið að hún sjái ekki þörf á að túlka umræddan dóm á þennan hátt.

4. Næstu nýmæli lúta að eftirliti með störfum lögmannna og beitingu agaviðurlaga gegn þeim. Þau eru í beinu framhaldi af tillögunni um að leggja niður skylduaðild að félaginu, þar sem eitthvað þarf að koma í stað agavalds þess. Sú skipan sem nýmælin gera ráð fyrir, virðast skynsamleg miðað við þessar gefnu forsendur.


5. Af breytingum þeim, sem gert er ráð fyrir hér að framan, leiðir breyttar málsmeðferðarreglur. Þær leiða til réttaröryggis og teljast til bóta.

6. Reglur um missi lögmannsréttinda eru að sönnu gerðar markvissari en samkvæmt gildandi lögum og er það til bóta. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við liði 4. og 5. um annan vettvang vegna niðurfellingar skylduaðildar að félaginu.


7. Svo sem í greinargerð með frumvarpinu segir er þar að finna ýmis nýmæli um störf lögmanna, stofnun félaga um rekstur lögmannsstofa, störf fulltrúa o.fl., sem öll virðast til bóta. Um það ágreiningsefni, hvort setja ætti skorður við því í lögum að aðrir en lögmenn megi eiga hlut í rekstri lögmannsstofu styður stjórn Dómarafélags Íslands þá stefnu meirihluta réttarfarsnefndar að setja ekki takmarkanir í frumvarpið að þessu leyti, með vísan til þeirra röksemda sem þar koma fram.

Stjórn félagsins er því fylgjandi að heiti laganna verði breytt frá fyrri lögum.

Með virðingu,



Allan V. Magnússon



Garðar Gíslason